

Ed.

638. Nefndarálit

[122. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar 1973.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta var lagt fram snemma á þessu þingi, og átti með því að marka nýja stefnu um skjótari og samræmdari vinnubrögð en áður í sambandi við meðferð og afgreiðslu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar.

Reyndin er sú, að málið hefur legið í salti mánuðum saman og er nú knúið fram í mesta óðagoti síðustu daga þingsins. Skýrsla fjármálaráðherra var lögð fram fyrir fáum dögum. Er hún harla snubbótt og m. a. vitnað í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem ekki hefur enn verið birt þinginu. Þrátt fyrir tilveru þessarar miklu stofnunar, sem stöðugt þenur sig út og átti enda að gerbreyta og flýta allri áætlanagerð, þá bera öll vinnubrögð við framkvæmdaáætlun nú þess sízt merki, þótt fjármálaráðherra hafi talað stór orð um það efni í haust.

Engar upplýsingar hafa verið fáanlegar um niðurskurð fjárlaga, heldur er stöðugt bætt við nýjum útgjöldum. Engin leið er því að fá heildarmynd af fjárfestingardæminu. Útgjaldatill. frv. varða allar nytjamál, en ekki er sjáanleg nein breyting í þá átt að „raða“ framkvæmdum þannig, að ofþenslu í efnahagskerfinu yrði bægt frá, svo sem ríkisstjórnin hefur talið sína helztu „patent“-lausn á því sviði. Hvarvetna blasir við þensluástand og verðbólguþróun geigvænleg og lítið sem ekkert tillit tekið til alvarlegra aðvarana efnahagsérfræðinga, bæði varðandi framkvæmdaþenslu, óhemjulega skuldasoðnun og greiðsluhalla við útlönd. Hið mikla og dýra skipulagskerfi ríkisstj. virðist hér ekki koma að neinu gagni, því að aldrei hefur gætt eins handahófslegra og mótsagnakenndra vinnubragða í fjármálum og efnahagsmálum og nú.

Þótt hinar ýmsu framkvæmdir, sem frv. fjallar um, séu út af fyrir sig nytsamlegar, þá er frv. þáttur í heildarþróun efnahagsmála, sem við viljum ekki bera ábyrgð á.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Magnús Jónsson,
frsm.

Geir Hallgrímsson.